

**Barnaverndarnefnd á norðanverðum
Vestfjörðum**

**Skýrsla yfir störf nefndarinnar fyrir
tímabilið 2003 - 2006**

1. Inngangur.

Tilgangur þessarar skýrslu er fyrst og fremst sá að gefa upplýsingar um starfsemi nefndarinnar á líðandi kjörtímabili. Gefnar eru upplýsingar um fjölda nefndarmanna og starfsmanna og fjölda funda. Kynntar eru þær reglur sem mótaðar hafa verið og þau verkefni sem nefndin hefur unnið að. Síðan kemur nefndin með ábendingar um hvað hún telur að vinna ætti að á næsta kjörtímabili á sviði barnaverndar.

Starfstími nefndarinnar var frá mars 2003 til maí 2006.

2. Fjöldi nefndarmanna á tímabilinu.

Aðalfulltrúar:

| | | | <u>Tímabil:</u> |
|---|---|-------------|---|
| Laufey Jónsdóttir, formaður | D | Ísafirði | 05.03.2003 – starfar enn. |
| Björn Jóhannesson, nefndarmaður | B | Ísafirði | 05.03.2003 – starfar enn. |
| Sigríður Bragadóttir, nefndarmaður | S | Ísafirði | 05.03.2003 – starfar enn. |
| Kristrún Hermannsdóttir, nefndarmaður varaformaður | | Bolungarvík | 05.03.2003 – 11.05.2005. 11.05.2005 – starfar enn. |
| Valgeir Scott, varaformaður | | Súðavík | 05.03.2003 – 11.05.2005. |
| Helga Sigurjónsdóttir, varamaður nefndarmaður | | Súðavík | 17.03.2003 – 11.05.2005. 11.05.2005 – starfar enn. |

Varafultrúar:

| | | | |
|----------------------|---|-------------|---------------------------|
| Hörður Högnason | D | Ísafirði | 05.03.2003 – starfar enn. |
| Guðni G. Jóhannesson | B | Ísafirði | 05.03.2003 – starfar enn. |
| Védís Geirsdóttir | S | Ísafirði | 05.03.2003 – starfar enn. |
| Þóra Hansdóttir | | Bolungarvík | 05.03.2003 – starfar enn. |
| Barði Ingibjartsson | | Súðavík | 11.05.2005 - starfar enn. |

3. Starfsemi.

Á starfstíma nefndarinnar var gert ráð fyrir að fastir fundir væru haldnir tvisvar sinnum í mánuði, en kallað til aukafunda eftir þörfum.

Nefndin hélt á tímabilinu 69 fundi. Fundirnir skiptust niður á eftirfarandi hátt:

| | |
|---------------------------|-----------|
| Trúnaðarmál | 16 fundir |
| Trúnaðarmál og almenn mál | 43 fundir |
| Almenn mál | 9 fundir |
| Vinnufundur | 1 fundur |

4. Starfsmenn sem hafa starfað með nefndinni.

| | |
|---|---|
| Albertína Elíasdóttir, ráðgjafi, afleysingar m. hléum | 13.05.2003 – 31.12.2004 |
| Anna Valgerður Einarsdóttir, ráðgjafi | 16.08.2004 – starfar enn |
| Erna Stefánsdóttir, tilsjón og ráðgjafi, afleysingar | frá upphafi tímabils til 31.12.2005 |
| Ingibjörg María Guðmundsdóttir, forstöðumaður | allt tímabilið |
| “ | (launal. leyfi 01.09.2004 – 01.09.2005) |
| Ingibjörg Kjartansdóttir, tilsjón | frá sept. 2005 – starfar enn |
| Margrét Geirsdóttir, ráðgjafi | allt tímabilið |
| “ | (launal. leyfi sept. 2005 – des. 2005) |
| Skúli Ólafsson, forstöðumaður | 01.08.2004 – 01.09.2005 |
| Snjólaug Birgisdóttir, félagsfræðingur | frá upphafi tímabils til 30.04.2005 |
| Sjöfn Þór sóknarprestur Reykhólum | frá 01.12. 2005 – starfar enn |

5. Verkefni nefndarinnar.

Veitt þjónusta á grundvelli barnaverndarlaga:

| | |
|------|----------------------------------|
| 2003 | 84 fjölskyldur vegna 102 barna. |
| 2004 | 80 fjölskyldur vegna 101 barns. |
| 2005 | 103 fjölskyldur vegna 113 barna. |

Stækkun á starfssvæði barnaverndarnefndar:

Í júní 2004 samdi Reykhólahreppur við Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp um að barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum færi með umboð sveitarstjórnar Reykhólahrepps í barnaverndarmálum og að starfsmenn nefndarinnar vinni að barnaverndarmálum í sveitarfélaginu. Reykhólahreppur skipar ekki fulltrúa í nefndina.

Framkvæmdaáætlun:

Unnin var framkvæmdaáætlun fyrir barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum, sem gildi fyrir kjörtímabilið, sbr. 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Hér á eftir fer framkvæmdaáætlun barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum. Áætlunin gildir á sviði barnaverndarmála fyrir yfirstandandi kjörtímabil og er samin í samræmi við 9.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2004 sem kveður m.a. á um að: *sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins.*

Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf og nýjar leiðir í því samhengi. Einnig verður lögð áframhaldandi áhersla á að starfsmenn barnaverndarnefndar og nefndin sjálf fylgi þeim ramma sem lög og reglugerðir setja um vinnslu barnaverndarmála og að barnaverndarmál á svæðinu verði áfram unnin af fagmennsku og hlutlægni.

Draumastaða barnaverndarmála

- ✚ Að til séu úrræði fyrir alla – að hægt verði að bregðast strax við.
- ✚ Jákvæð ímynd barnaverndarmála.
- ✚ Að nefndin hafi yfirsýn yfir þau vandamál sem eru í gangi á svæðinu. Hvað er að gerast hjá börnum á svæðinu?
- ✚ Að nefndin verði sýnilegri í allri umfjöllun um málefni barna, t.d. útivistartími, eftirlitslaus partí o.fl.
- ✚ Að nefndin sé meira fyrirbyggjandi.

Langtímamarkmið

- ✚ Markviss kynning á nefndinni sem þessi nefnd getur byrjað á – kynningarátak.
- ✚ “Sérstakt átak” – t.d. foreldrar erlendra barna.
- ✚ Gerð upplýsingahandbókar fyrir stofnanir og einstaklinga.
- ✚ Mikilvægt að kynningin sé stöðugt í gangi – t.d. á hverju ári, hverju hausti.
- ✚ Auka það þjónustustig sem komið er á svæðið.
- ✚ Efla samstarf við þær stofnanir sem að barnaverndarmálum koma.
- ✚ Koma á markvissu samstarfi við ungbarnaeftirlit, t.d. með áherslu á nýja foreldra og erlenda foreldra.
- ✚ Skilyrði verði að starfsmenn nefndarinnar verði ætíð menntaðir í samræmi við kröfur.

Skammtímamarkmið

- ✚ Kynningarátak
Bæklingar eru tilbúnir og prentaðir í byrjun september. Einnig að láta þýða þá yfir á pólsku, tælensku og ensku.
Handbók verður tilbúin í byrjun september.
Fundir/námskeið. Kynnt verður fyrir 8 leikskólum, 6 grunnskólum, 1 menntaskóla. Farið verður 1x í viku í 15 vikur. Byrjað verður um miðjan september 2004.

- ✚ Auka það þjónustustig sem komið er á svæðið. Leggja áherslu á t.d. í samstarfi við félagsmála- og fræðslunefnd að ráðinn verði sálfræðingur í fullt starf.
- ✚ Ungbarnaeftirlit.
Koma á markvissu samstarfi við ungbarnaeftirlit bæði hvað varðar nýja foreldra og erlenda foreldra.
- ✚ Framkvæmd.
Bæklingar, námskeið/fundir með starfsmönnum ungbarnaeftirlitsins. Áframhaldandi framkvæmd yrði í höndum ungbarnaeftirlitsins.
- ✚ Tímasetning.
Formaður og starfsmaður hafa samband við yfirmenn og starfsmenn ungbarnaeftirlits varðandi samstarfið í ágúst/september og átakið yrði hafið í janúar.

Þessi áætlun gildir til vorsins 2006 en verður endurskoðuð vorið 2005.

Handbók:

Unnin var handbók um barnaverndarmál fyrir stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök sem vinna með börnum. Handbókin er hugsuð sem uppfléttimappa fyrir samstarfsaðila barnaverndarnefndar þar sem m.a. er hægt að finna upplýsingar um boðleiðir, stuðning og úrræði.

Kynningarbæklingur:

Kynningarbæklingur um málefni barnaverndar, þar á meðal um rétt barna, tilkynningarskyldu almennings, hvað beri að tilkynna og hvert, var unninn snemma árs 2005 og sendur öllum heimilum á starfssvæði nefndarinnar.

Kynning og fræðsla:

Í samræmi við framkvæmdaáætlun nefndarinnar voru haldnir allmargir kynningarfundir fyrir samstarfsaðila hennar til að kynna starf og hlutverk barnaverndarnefndar og starfsmanna, tilkynningarskyldu og ferli mála m.m. Fundaröðin hófst í ágúst 2004.

Í Bolungarvík var haldinn einn fundur með öllum samstarfsaðilum, einnig á Reykhólum en í Ísafjarðarbæ voru nokkrir kynningarfundir fyrir starfsmenn leikskóla og grunnskóla, Menntaskólans, Tónlistarskólans, Heilbrigðisstofnunarinnar, lögreglunnar og íþróttahreyfingarinnar. Eftir er að halda kynningarfund fyrir samstarfsaðila í Súðavík.

Umsagnir:

Að beiðni nefnda Alþingis veitti barnaverndarnefnd umsögn um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og um frumvarp til almennra hegningarlaga.

6. Vinnureglur og starfsreglur sem nefndin hefur unnið að.

- a) Erindisbréf fyrir barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum.
Þann 16.04.2003 lagði nefndin fram dög að erindisbréfi fyrir barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum, sem sveitastjórnirnar þrjár samþykktu síðar (á fundi þann 04.06.2003 tilkynnti formaður að erindisbréfið hefði verið samþykkt af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum).
- b) Reglur um greiðslu lögmanskostnaðar sbr. 47. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002.
Samþykkt 04.06.2003.
- c) Umsóknareyðublað vegna ráðningar starfsfólks til að vinna með börnum 2003–07–0015.
Samþykkt 04.02.2004.
- d) Reglur um greiðslur barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum á ófyrirséðum kostnaði vegna barna í fóstri.
Samþykkt 03.11.2004.
- e) Breyting á verktakasamningum þeirra aðila sem taka að sér verkefni eða störf á vegum barnaverndarnefndar og hafa í för með sér samskipti við börn. Ákvæðið snýr að rétti til upp-

lýsinga úr sakaskrá um hvort viðkomandi hafi brotið gegn ákvæðum almennra hegningarlaga og er í samræmi við 36. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samþykkt. 08.12.2004.

- f) Umboðs- og verklagsreglur starfsmanna barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum.

Samþykkt 02.06.2005 til reynslu í sex mánuði, frá 01.09.2005 til 28.02.2006.

Samþykkt 09.02.2006 að vinna til frambúðar eftir reglunum.

7. Ráðstefnur, fundir og námskeið sem sótt hafa verið í nafni nefndarinnar.

- a) Formaður nefndarinnar tók þátt í norrænni barnaverndarráðstefnu í Reykjavík, 28. – 31. 08.2003 fyrir hönd nefndarinnar. Auk formanns tóku forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu og tveir starfsmenn þátt í ráðstefnunni.
- b) Árið 2003 sátu nefndarmenn og starfsmenn námskeið á vegum Barnaverndarstofu til kynningar á lögum nr. 80/2002.
- c) Ráðstefna haldin haustið 2004 sem bar yfirskriftina “Barnið í brennidepli”.
- d) Starfsmenn hafa eftir því sem tækifæri gefast sótt málstofur Barnaverndarstofu og ýmis námskeið í barnaverndarstarfi. Má þar nefna Foster-Pride námskeið um fósturbörn, námskeið um hegðunar- og geðraskanir barna, og námskeið á vegum Blátt áfram.

8. Hugleiðingar um störf barnaverndarnefndar á komandi kjörtímabili.

Í 12. gr. laga nr. 80/2002 er fjallað almennt um hlutverk barnaverndarnefnda og þar kemur fram að meginhlutverk barnaverndanefnda sé þriðja, þ.e.:

1. Að kanna aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
2. Beiti sér fyrir þeim úrræðum samkvæmt gildandi lögum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
3. Önnur verkefni sem barnaverndarnefndum er falið að hafa með höndum samkvæmt barnaverndarlögum eða öðrum lögum. Sérstaklega er tekið fram að sveitarstjórn sé heimilt að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar. Sem dæmi um störf sem barnaverndarnefndum er falið samkvæmt sérstökum lögum eru umsagnir í ættleiðingamálum sbr. ákvæði ættleiðingarlaga, nr. 130/1999.

Af þessu má ljóst vera að kjarninn í störfum barnaverndanefnda er fyrst og fremst bundinn við einstaklingsmál, þ. e. afskipti af málum er varðar einstakar fjölskyldur eða börn, þar sem nefndinni ber að hafa eftirlit varðandi aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna í umdæmi sínu og kanna hvort barn búi við aðstæður sem eru óviðunandi í einhverju tilliti og beita viðunandi úrræðum ef þörf er á.

Í eldri barnaverndarlögum var ákvæði um að forvarnir væru eitt af hlutverkum barnaverndarnefnda en með lögum nr. 80/2002 var það ákvæði tekið út úr lögnum og í greinargerð með lögnum var vísað til þess að í lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, sé ákvæði sem kveði á um það að félagsmálanefndir sveitarfélaga skuli beita sér fyrir forvörnum til að tryggja stöðu einstaklinga og fjölskyldna. Í 8 kafla laga nr. 40/1991 er tekið fram að félagsmálanefndum beri að gæta hagsmuna barna og ungmenna og sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða og gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu fyrir hendi aðstæður sem skapa hættu fyrir börn. Þá segir í 37. gr. laganna um félagsþjónustu að félagsmálanefnd skuli sjá um forvarnarstarf í unglíngamálum. Í ljósi þessa var ákvæðið um forvarnir tekið út úr barnaverndarlögnum.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum samþykkti á síðasta ári ákveðnar umboðsreglur varðandi framkvæmd einstakra mála og starfssvið starfsmanna nefndarinnar. Ljóst er að nefndin getur bætt við sig frekari verkefnum eins og staðan er í dag og hefur einkum verið horft til forvarnarverkefna í því sambandi og er þar átt við margvíslegt forvarnarstarf er snýr að aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna og unglinga með það fyrir augum að tryggja hag og velferð þeirra sem best. Í þessu sambandi mætti t.d. huga að atriðum er snúa að varðandi foreldrum, upplýsingum til barna og foreldra sem eru af erlendum uppruna, atriði er snúa að heilsufari barna og ungmenna svo nokkur atriði séu nefnd.

Ljóst er af tilurð 12. gr. núverandi barnaverndarlaga að forvarnarstarfið varðandi börn og ungmenni eru fyrst og fremst í höndum félagsmálanefnda samkvæmt lögum nr. 40/1991. Vel mætti hugsa sér samstarf félagsmálanefnda og barnaverndarnefndar og ef til vill fleiri nefnda um þessi mál og í því sambandi ber að hafa í huga að samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga er sveitarstjórn heimilt að fela barnaverndarnefnd frekari verkefni er varða aðstæður barna og ungmenna. Þetta er tilvalið verkefni fyrir barnaverndarnefnd og þá í samstarfi við félagsmálanefndir, fræðslunefndir og tómstundaneftir sveitarfélaganna þriggja.

9. Lokaorð.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum hélt sinn fyrsta fund 05.03.2003. Eins og þegar er fram komið hefur nefndin unnið markvisst að því að móta og skýra reglur og verkferla til að gera alla vinnu skilvirkari. Markmiðið hefur fyrst og fremst verið að hraða vinnslu mála til hagsbóta fyrir notendur þjónustunnar (skjólstæðinga). Nefndin telur reynslu af samstarfi sveitarfélaganna á sviði barnaverndar hafa verið góða og að æskilegt sé að taka til umræðu aukna samvinnu þeirra á skyldum sviðum, s.s. í félagsmálum.

Hvort sem barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum verða falin aukin verkefni á sviði almennra forvarna eða ekki, beinir nefndin því til komandi sveitarstjórna að hugað verði nánar að almennri barnavernd í sveitarfélögunum og að almenn umræða og vinna verði í gangi er varðar almennan aðbúnað og öryggi barna að 18 ára aldri.

Barnaverndarnefnd þakkar starfsmönnum á Skóla- og fjölskylduskrifstofu fyrir samstarfið undanfarin þrjú ár. Einnig þakkar nefndin forsvarsmönnum sveitarfélaganna þriggja og öðrum starfsmönnum þeirra fyrir samstarfið.

Ísafirði maí 2006

Laufey Jónsdóttir formaður
Kristrún Hermannsdóttir varaformaður
Björn Jóhannesson
Helga Sigurjónsdóttir
Védís Geirsdóttir